

## Fundargerð stjórnar BÍS 02/2012.

miðvikudaginn 18. janúar 2012 kl. 17:30 í skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Arnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

### Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð stjórnar BÍS 01/2012: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, fundargerð stjórnar Æskulýðsvettvangsins, starfsyfirlit mótsstjórnar Landsmóts skáta, afmælisárs og friðarþings lágu frammi.
4. Innleiðing nýs starfsgrunns:
  - a. Útgáfa: Foringjahandbók fálkaskátaforingja fer í prentun í vikunni.
  - b. Svæðisforingjar: Þeir hittust á fundi í gær. Öll félög eru byrjuð að kynna sér efnið, en eru komin mis langt á veg. Einhverjar sveitir munu byrja að prófa sig áfram með þetta nú í vor en sennilega munu flestar sveitir taka þetta upp í haust. Mynda þarf sérstakan hóp til að styðja við stjórnir veikburða félaga og þeirra sem eru að hefja starf. HGH og HS falið að undirbúa slíkan hóp.
  - c. Gilwell þjálfun: ÓP kynnti tillögur fræðsluráðs að nýrri námsbraut Gilwell. Stjórn samþykkir tillögurnar til kynningar.
  - d. Næstu skref: Nokkur innleiðingarnámskeið eru komin á dagskrá fram á vor, áhersla verður lögð á kynningu á lýðsræðisleikjum, svæðisforingjar munu fylgja eftir sínum félögum og áfram verður unnið með verkefnið Fullorðnir í skátastarfi.
5. Úlfljótuvatn :
  - a. Skipun fulltrúa í eigendanefnd jarðarinnar: Rædd var staða nefndarinnar. Nefndin mun heyra beint undir stjórnir samtakanna sem að henni standa. Úlfljótvatnsráð mun áfram annast stjórn þeirrar starfsemi sem skátar eru með á Úlfljótvatni. Samþykkt að ÓP verði fulltrúi BÍS í eigendanefnd.
6. Æskulýðsvettvangurinn:
  - a. Siðareglur ÆV: BB og JA falið að fara yfir.
  - b. Ungmennaráð: HS falið að fá nánari upplýsingar um hlutverk og væntanlega starfsemi ungmennaráðsins.
  - c. Nýr aðili að Æskulýðsvettvanginum: Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur gengið til liðs við Æskulýðsvettvanginn. Samþykkt.
7. Skátaheitisnefnd: HGH gerði grein fyrir störfum nefndarinnar sem ekki hefur lokið störfum.
8. Uppstillingarnefnd: Samþykkt að HGH verði fulltrúi stjórnar í uppstillingarnefnd.
9. Reglugerð um félagatal: JA kynnti tillögu nefndar. Stjórn vísar tillögum aftur til nefndarinnar til frekari úrvinnslu.
10. Samstarfsráð um forvarnir: Frestað.
11. Önnur mál

- a. Tillögur frá afmælisársnefnd:
  - i. Að kvöldverður laugardaginn 17. mars 2012 verði haldinn fyrir þinggesti og ekki sérstaklega á vegum afmælisársnefndar. Samþykkt.
  - ii. Að afmælisársnefnd efni til afmælistkvöldverðar föstudaginn 2. nóvember 2012 sem lokhátíð afmælisársins, og fái umsjónaraðila til að reka þann viðburð á núlli. Samþykkt.
- b. Félagsforingjafundur: Farið var yfir dagskrá fundarins.
- c. Dagatal BÍS 2012-2013: Umfang starfseminnar er orðið slíkt að ekki er unnt að stefna öllum viðburðum BÍS á fyrstu helgi mánaðar. Samþykkt.
- d. Staða skátafélaganna: Lagt var fram yfirlit yfir stöðu skátafélaganna. Umræðu frestað til næsta fundar.
- e. World Scout Foundation: BB hefur fengið vilyrði fyrir styrk frá WSF vegna Friðarþings að upphæð USD 50.000,-.
- f. Frímerki í tilefni afmælisárs: Kynnt var tillaga Íslandspóst að frímerki sem gefið verður út í tilefni 100 ára skátastarfs á Íslandi. Fundarmönnum fannst þetta vel heppnað.

Fleira ekki rætt  
Fundu slitið kl. 20:10  
Fundargerð ritaði JA